



**LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK**

Hverfisgötu 115 – Sími 569 9000 – Telefax 569 9099

ES/gij

Reykjavík, 28. nóvember 2001.

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dagsettu 8. þ.m., barst þessu embætti til umsagnar frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, 185. mál, kynferðisbot gegn börnum. Um er að ræða frumvarp til breytinga annars vegar á 202.gr. og hins vegar á 210.gr. laganna. Frumvarpið hefur verið yfirfarið af hálfu embættisins.

Embættið er efnislega sammála því að umræddar breytingar nái fram að ganga og tekur í meginatriðum undir þann rökstuðning sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu.

Þó þykir ástæða til að gera eina athugasemd varðandi orðalag 1.gr. frumvarpsins með hliðsjón af eftirfarandi fullyrðingu sem fram er sett í II. kafla athugasemdanna (bls. 3): “Engu breytir um refsinemi verknaðar hvort endurgjald er greitt af geranda eða þriðja manni.” Orðalag 1.gr. frumvarpsins sýnist gera ráð fyrir því að sá sem greiðir sé sá sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barnið eða ungmennið og verður ekki séð að þar sé gert ráð fyrir “þriðja manni”. Ef það er vilji Alþingis að svo verði sýnist þurfa annað orðalag, t.d. á þennan veg: ... gegn því að greiðandi eða annar maður hafi við það samræði ... .

  
saksóknari

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík